

# Ill meðferð fanga undir smásjá WMA

Jón Snædal heimsótti Georgíu ásamt sendinefnd mannréttindasamtaka



Göumynd frá Tíblisi.

JÓN SNÆDAL varaformaður LÍ hefur verið á faraldsfæti síðan hann var kjörinn til formennsku í síðanefnd Alþjóðafélags lækna (WMA). Meðal staða sem hann hefur heimsótt er Tíblisi, höfuðborg Georgíu á strönd Svartahafs. Þangað fór hann ásamt tveimur öðrum til að kanna aðbúnað fanga. Lækna- blaðið hitti Jón að máli og innti hann eftir tildrögum þess að hann fór þessa ferð.

„Fyrir um það bil áratug var samþykkt svonefnd Minnesota-yfirlýsing um mannhvörf en kveikjan að henni voru atburðir sem urðu í Argentínu og Chile á tímum herforingjastjórnanna þar. Í þessari yfirlýsingu var hins vegar ekki tekið á því hvernig fara skyldi með rannsóknir á og réttindi þeirra sem lifðu af illa meðferð og pyntingar. Ill meðferð fanga er mun útbreiddara vandamál, ekki síst meðferð þeirra eftir handtöku ef þeir eru grunaðir um einhvern verknað. Einkennandi fyrir lönd þar sem beitt er harðræði við yfirheyrslur er að þar er miklu hærra hlutfall af játningum. Í öðrum löndum er miklu algengara að fólk játi ekki þrátt fyrir yfirheyrslur heldur er sekt þeirra sönnuð á annan hátt.

Að frumkvæði International Rehabilitation Council for Torture Victims (IRCT) í Kaupmannahöfn hófst vinna við að semja yfirlýsingu um málefni fanga fyrir mörgum árum og í Istanbul var lögð lokahönd á slíkt plagg fyrir fimm árum. Það var svo lagt fyrir Sameinuðu þjóðirnar sem gáfu það út í sínu nafni árið 2000.“

## Fimm lönd undir smásjána

„En það varð strax ljóst að þetta dygði engan veginn, það vissi enginn af þessu plaggi aðrir en dreifðir hópar fólks sem láta sér annt um málefni fanga. Fyrir tæplega tveimur árum tóku fjögur alþjóðleg samtök sig saman um að hrinda átaksverkefni í gang. Þau eru WMA, IRCT, Physicians for Human Rights í Banda-

rikjunum og Human Rights Foundation of Turkey en tyrkneska læknafélagið hefur verið mjög virkt innan þeirra samtaka. Þessi samtök sóttu um styrk til Evrópuráðsins til að hrinda verkefninu af stað og fengu hann á síðasta vetri.

Verkefnið tekur til fimm landa: Georgíu, Sri Lanka, Marokkó, Úganda og Mexíkó. Það felst í því að fulltrúar samtakanna fara til landanna og ræða við fulltrúa mannréttindasamtaka, laga- og læknadeilda í háskólum og yfirvöld, svo sem dómstóla, umboðsmenn, innanríkis- eða öryggismálaráðuneyti.

Ferðirnar taka viku og nú er búið að heimsækja fjögur af þessum fimm löndum. Næsta skref að þeim loknum er að koma á námskeiðum sem standa í viku og verða haldin í júní á næsta ári. Þau sækja 50 læknar og 25 lögfræðingar í hverju landi og fá fræðslu um það hvernig hægt er að sannreyna að fangar hafi orðið fyrir illri meðferð, hvernig hægt er að hjálpa fögnum að komast yfir þessa reynslu og hvernig hægt er að bæta réttarstöðu þeirra. Nú er verið að setja saman leiðbeiningar og kennslufni fyrir þetta námskeið en það verður að taka mið af því hversu ólíkar aðstæður eru eftir löndum, bæði hvað varðar réttarstöðu fanga og aðferðir við pyntingar.

Í heimsóknnum okkar leituðum við uppi þá aðila sem best er treystandi til þess að tryggja að þessi aðlögun námsefnisins sé rétt og í samræmi við ástandið í hverju landi.“

## Leifar af lögregluríki

– Hvernig var svo ferðin?

„Við vorum þrjú, ég, tyrkneskur læknir og lögfræðingur frá IRCT sem fórum til Tíblisi. Fundirnir voru 28 en ég sat 22. Við hittum rektor læknaháskólans og fulltrúa nokkurra deilda hans, ráðuneytisstjóra heilbrigðis- og dómsmálaráðuneyta, skrifstofustjóra öryggismálaráðuneytis, forseta hæstaréttar, umboðsmann þingsins og fulltrúa frjálsra félagasamtaka: Georgíska læknafélagsins, samtaka sem berjast fyrir hagsmunum fanga og tvennra samtaka lögfræðinga. Auk þess hittum við fólk frá tvennum samtökum sem annast endurhæfingu fyrrverandi fanga og fulltrúa tveggja Evrópusamtaka, Evrópuráðsins og Öryggis- og samvinnuámalastofnunar Evrópu.

Allir töluðu um illa meðferð á fögnum eins og hún væri staðreynd og skipti þá engu hvort í hlut áttu fulltrúar félagasamtaka, dómstóla eða stjórnvalda. Einnig er ljóst að þeir sem orðið hafa fyrir illri meðferð óttast mjög að leita réttar síns. Einhverjar kvartanir

hafa borist umboðsmanni þingsins og dómstólum og verið skoðaðar en engar leitt til sakfellingar. Þarna eru leifar af lögregluríki frá sovétímanum sem meðal annars sést á því að stétt lögreglumanna er mjög fjölmenn og eftir því valdamikil. Í Sovétríkjunum var það yfirlýst stefna stjórnvalda að útrýma glæpum og þess vegna var engin þörf á að byggja fangelsi. Þau fangelsi sem eru í notkun í Georgíu eru því öll byggð fyrir 1917. Ástandið í þeim er afar bágborið enda fangelsin gömul og þeim illa viðhaldið.

Á okkar mælikvarða er þetta þjóðfélag gjaldþrota. Ríkið getur ekki borgað starfsfólki sínu laun sem neinu nemur svo megnið af launum opinberra starfsmanna er undir borðið. Háskólakennarar fá stóran hluta af launum sínum þannig að nemendur greiða þeim fyrir að fá að taka próf og 85% af launum lækna eru þannig til orðin að fólk greiðir þeim sérstaklega fyrir hvert viðvik, aðgerðir eða rannsóknir. Þetta hefur í för með sér að stór hluti fólks hefur ekki efni á að leita sér lækninga. Þarna er blómlegur svartimarkaður og spilling mjög útbreidd. Ein af fáum stéttum sem fær mannsemandi laun eru dómarar svo þar er verið að reyna að bæta ástandið. Þeir hafa líka lagað stóran hluta af löggjöfinni að evrópskum lögum og eiga meðal annars ágæta löggjöf um mannréttindi. Fátæktin og spillingin kemur hins vegar í veg fyrir að hægt sé að beita þessum lögum.“

### Beðið eftir undirskrift

– Nú er munur á því hvort fangi sætir vondu atlæti eða er beinlínis pyntaður. Að hverju beinduð þið atygli ykkar?

„Við reyndum einkum að grafast fyrir um það síðarnefnda. Georgía er eitt þeirra ríkja þar sem hátt hlutfall mála upplýsist í krafti játninga. Það hafa orðið breytingar á aðferðum sem notaðar eru við pyntingar, nú er meira notað rafmagn því það veldur ekki eins miklum áverkum. Þarna hefur orðið „framþróun“ eins og á flestum öðrum sviðum.

Við spurðumst fyrir um það hvort fangar sem handteknir eru hafi aðgang að lækniþjónustu á fyrsta sólarhring eftir handtöku og fengum þau svör að á því væri mikill misbrestur. Okkur var hins vegar sýnt skjal sem hafði verið samið í öryggismálaráðuneytinu og beið þess að Edvard Sévardnadse forseti undirritaði það. Í því er kveðið á um að gert skuli sérstakt átak til að auka réttindi handtekinna, ekki síst aðgang þeirra að lögfræði- og læknishjálpi. Menn binda vonir við að þetta plagg muni hafa mikil áhrif til hins betra því forsetinn er valdamikill maður og það sem hann skrifar undir er tekið mjög alvarlega.

Okkur sýndist einboðið að draga þurfi úr völdum heilbrigðismálaráðuneytisins. Það hefur alla tauma í hendi sér, þar á meðal að útnefna réttarlækna. Þegar við ræddum við fulltrúa réttarlækna kom ráðuneytisstjórinn með þeim og hafði orð fyrir þeim. Ráðu-

neytið hefur gefið 106 skólum, sem flestir eru í einkaeigu, leyfi til að útskrifa lækna en einungis fáir þeirra geta komið nemendum sínum í starfsþjálfun á sjúkrahúsum. Ráðuneytið gefur læknum starfsleyfi en það er engin trygging fyrir því að þeir sem þau hljóta hafi nokkurn tíma séð sjúkling. Af þessum sökum hefur læknafélag landsins lent í því hlutverki að miðla málum milli ráðuneytisins og spítalanna í því skyni að koma fleiri læknanemum að í starfsþjálfun en jafnframt að tryggja að ekki séu teknir fleiri nema inn en hægt er að sinna með góðu móti.“

### Vilja nálgast Evrópu

– Áttu von á að þessi heimsókn hafi einhver áhrif?

„Það jákvæða við þessa ferð var að erindi okkar var alls staðar vel tekið. Það er greinilega vilji til þess að bæta ástandið. Við hittum að máli forseta hæstaréttar sem lýsti sig reiðubúinn til að ræða við dómara á lægri dómstigum og sjá til þess að þeir sæktu námskeiðið sem ég nefndi. Við erum því bjartsýn á að þangað komi lykilmenn úr kerfinu.

Pótt Georgía tilheyrir Asíu landfræðilega þá vilja landsmenn nálgast Evrópu og þeir vita að til þess að það megi verði þurfa þeir að þvo af sér ýmsa svarta bletti, einkum hvað varðar mannréttindi þegnanna. Að sjálfsögðu munu einhverjir beita sér gegn umbótum, til dæmis öfl innan lögreglunnar og hins valdamikla innanríkisráðuneytis, en viðmælendur okkar voru þokkalega bjartsýnir á að hlutirnir væru á réttri leið þótt hægt miðaði.

Eftir námskeiðið næsta vor mun hópurinn koma saman á ný og meta árangurinn af því. Næsta ár fer svo í það að fylgjast með því hvort einhverjar framfarir verða í landinu. Þetta gildir raunar einnig um hin löndin fjögur. Við munum svo skila Evrópuráðinu, ÖSE og samtökunum sem að átakinu standa skýrslu. Vonandi verður þá hægt að leggja mat á árangurinn og benda á þær aðferðir sem virka og einnig hinar sem ekki báru árangur. Niðurstöðuna verður vonandi hægt að nota til að bæta ástandið í öðrum löndum því þetta eru alls ekki einu löndin í heiminum þar sem fangar sæta illri meðferð,“ sagði Jón Snædal.



*Í þessari byggingu er öryggismálaráðuneytið til húsa en á efstu hæð þess eru skrifstofur Sévardnadse forseta.*